

Fundur stjórnar ÆSKP 20. janúar 2021 á Zoom

Mætt: Jónanna Ýr, Katrín Helga, Hákon Darri, Aldís Elva, Berglind og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 20.02.

Dreifirit

Jónína hefur verið að vinna dreifibækling til að senda út til kirkna landsins. Hugmynd að gefa bæklinginn út á pappír til að senda til kirknanna en ekki bara að hafa hann á rafrænu.

Gaman væri að fá eina tvær stuttar greinar (vitnisburð) um hvernig ÆSKP eða æskulýðsstarf hefur haft áhrif á lífið.

Vaktu með Kristi

Hugmynd um að senda dagskráartilboð fyrir VMK á kirkjurnar sem þær gætu þá nýtt í sinni heimabyggð án þess að þurfa að undirbúa mjög mikið.

Pakkinn inniheldur dagskrá sem er fullbúinn með upplýsingum fyrir börn/foreldra og hugleiðingum.

Aðalfundur EF

Hann verður haldinn á Zoom 20.-22. febrúar. Ef einhver vill bjóða sig fram í formanninn er tími til þess núna þar sem Simon úr Boys' Brigade er að hætta sem formaður

Stefnumótun Þjóðkirkjunnar

Zoomfundur um stefnumótun Þjóðkirkjunnar verður haldinn 7. Febrúar. Fengum email um hann 19. janúar og þurfum að skila inn nöfnum í dag.

Við þurfum að finna 5 þáttakendur og 5 varamenn úr æskulýðsfélögum landsins sem þurfa að vera undir 30 ára. Kirkjuþing ungafólksins þarf að útvega 14 þáttakendur og 5 varamenn.

Janúarnámskeið

Námskeiðið gekk mjög vel. Fyrirlestrarnir voru passlega langir og fjölbreyttir. Hugmynd um að gera þetta aftur þótt Covid sé ekki til staðar. Janúarnámskeið þarf samt að vera í persónu sem helgarnámskeið til að leifa leiðtogum að hittast og skemmta sér án neinna barna/unglinga þar sem það eflir starfs andan.

Aðalfundur

Það sem þarf að kjósa um eru formaður og gjaldkeri ásamt varamönnum.

Jóhanna ætlar að stíga til hliðar sem formaður en gefur kost á sér sem varamaður ef það vantar.

Ársreikningurinn er í góðum málum, Jóhanna þarf að gera skýrslu formanns, Kristján þarf að gera skýrslu Landsmótsstjóra, Jónína gerir skýrslu framkvæmdastjóra. Svo þarf að gera starfsáætlun fyrir 2021 og fjárhagsáætlanir.

Næsti stjórnarfundur verður 10. febrúar. Þá klárum við að tala um aðalfund.

Fundi slitið kl. 21.05.